



## **KRISTJÁN ELDJÁRN. FORSETI OG FRÆÐIMAÐUR.**

**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á aldarafmæli  
dr. Kristjáns Eldjárns  
fyrirverandi þjóðminjavarðar og  
forseta Íslands  
Þjóðminjasafni Íslands  
6. desember 2016**

Vigdís Finnbogadóttir,  
fjölskylda og vinir Kristjáns Eldjárns,  
aðrir góðir gestir

Í tólf ár var Kristján Eldjárn hvort tveggja í senn, fræðimaður og forseti. Þegar hann var kjörinn forseti Íslands sumarið 1968 var hann kominn á hátind í sínum fræðaheimi, þjóðminjavörður, norrænufræðingur, doktor í fornleifafræði og reyndur á því sviði, höfundur grundvallarrita um fornar minjar, umsjónarmaður geysivinsælla sjónvarpsþátta um sama efni.

Á forsetastóli langaði Kristján til að sinna áfram sínum hugðarefnum. Hann fann hins vegar fljótlega að það var hægara sagt en gert að halda áfram rannsóknum og skrifum. Nokkrum mánuðum eftir embættistöku var honum settur stóllinn fyrir dyrnar, ekki væri við hæfi að hann yrði andmælandi við doktorsvörn Ellenar Marie Magerøy, vinar og fræðafélaga sem hafði skrifað merka ritgerð um íslenska tréskurðarlist. Í dagbók sína skráði Kristján trega og gremju. Ólundin hvarf hins vegar fljótt. Rótgróin samviskusemi, rétt skapgerð og stuðningur fjölskyldu og vina réðu því að honum tókst að fóta sig á nýjum vettvangi. „Ekki dugir að vorkenna sjálfum sér,“ skrifaði hann og skömmu síðar sagði hann við

sjálfan sig að „fræðimannsmetnaðinn“ mætti hann ekki missa, „þá er ég búinn að vera, og þetta skrifa ég í fullri alvöru.“

Þegar upp var staðið sumarið 1980 gat fræðimaðurinn Kristján Eldjárn litið ánægður um öxl. Alla sína forsetatíð hafði hann ritstýrt *Árbók* fornleifafélagsins og samið fjölda greina í hana. Hann skrifaði í *Sögu Íslands*, samdi rit um útskurðarverk Bólu-Hjálmars, bjó til prentunar hið mikla verk Stefáns Aðalsteinssonar ættfræðings um Svarfdælinga, þýddi úr dönsku bækur um gömul steinhús á Íslandi og veru norrænna manna á Grænlandi, og sneri á íslensku kvæðabálkinum *Norðurlandstrómet* eftir norska skáldið og prestinn Petter Dass sem uppi var á sautjándu öld. „Um þýðinguna er það að segja,“ skrifaði Guðmundur G. Hagalín, „að hún er gerð af slíkri smekkvísi, hagamælsku og mér liggur við að segja íþrótt, að ekki verður á betra kosið.“ Engar ýkjur voru það hjá Gylfa Gröndal ævisagnaritara að afköst Kristjáns voru „með ólíkindum miðað við embættisannir og argaþras“.

Kristján Eldjárn var fræðimaður að mínu skapi. Um rannsóknir og háskólastörf sagði hann að saman yrði ætíð að fara „vísindaleg rannsókn, sem er undirstaðan, og alþýðleg kynning“. Ættjarðarást var honum í blóð borin en þjóðremba eða misnotkun sögunnar í pólitískum tilgangi var eitur í hans beinum. Vissulega gætu niðurstöður fræðimanna vakið usla og orðið neikvæðar fyrir eitthvað annað, eins og Kristján komst að orði, „t.d. þjóðernistilfinninguna. En samt er þetta mín skoðun: Sannleikurinn skal fram, annars er það eins og að slá framan í alla rannsóknarstarfsemi.“

Ég sagði að Kristján Eldjárn hefði verið fræðimaður að mínu skapi. Hann var líka forseti að mínu skapi. Þegar ég bauð mig fram til hins háa embættis fyrr í ár var haft á orði að við tveir ættum það sameiginlegt að koma úr heimi fræða þegar við sóttumst eftir embætti forseta. Ég forðaðist hins vegar eins og heitan eldinn að bera mig saman við Kristján. Í fyrsta lagi fannst mér Kristján hafa afrekað meira, hafa náð lengra á sinni fræðabraut, og þegar ég las ræður hans og ávörp á forsetastóli fann ég til vanmáttar. Hann var meistari á íslenskt mál. Í öðru lagi voru vítin til að varast þau. Í Bandaríkjunum henti það eitt sinn ungan frambjóðanda, að vísu til embættis varaforseta, að bera sig saman við fyrri leiðtoga sem getið hafði sér gott orð að flestra mati. Varaforsetaefnið þótti þá hafa hlaupið illilega á sig. Og í þriðja lagi lifum við aðra tíma. Embætti forseta Íslands hefur gerbreyst eins og þjóðfélagið allt. Samanburður er að mörgu leyti óraunhæfur.

Sumt er þó óbreytt. Á sinni tíð stóð Kristján Eldjárn í ströngu við stjórnarmyndanir og nú er uppi sama staða. Nú þegar ég er sestur á Bessastaði freistast ég til þess að vona að ég búi yfir sömu stjórnlist, þolinmæði og sanngirni og Kristján sýndi í þeim efnum – og jafnvel

kímní líka. Þegar hann sá, undir lok sinnar forsetatíðar, að erfiðri stjórnarkreppu var að ljúka las hann inn á segulband sitt með fögnuði í röddu fleyg vísuorð úr söngleiknum Oklahoma: „*Oh, what a beautiful morning, oh what a beautiful day. I've got a wonderful feeling, everything's going my way.*“ Í dag raula ég „*que será, será* það verður og fer sem fer“, en vona að senn geti ég tekið undir með Kristjáni Eldjárn, þeim frábæra forseta og fræðimanni.